

ÞJÓÐARRANNSÓKN

Beginnt arische Renaissance nicht in
Island, so wird es keine geben.

I

Áhugi íslensku þjóðarinnar á Íslendingum er mikils til of lítill, og mætti margt nefna því til sönnunar. Landnáma er þessari þjóð ekki helg bók. Væri svo, þá mundi hún hafa verið prentuð skrautlega með landsuppdráttum og myndum, af íslenskum mönnum og héruðum, og sveitum þeim í Noregi, sem forfeður vorir áttu helst og réðu helst yfir, og fólki þar. Og það væri séð um að Landnáma þannig úr garði gerð, væri til á hverju heimili. Það er annar mjög eftirtektarverður áhugaleysis vottur, að enginn listamaður hefir komið hér fram, sem ástundað hafi umfram allt, að gera myndir af fólkini. Menn sem merkilegir voru í sjón, eins og Þorsteinn heitinn Erlingsson, hafa dáið ómálaðir; og marga fleiri mætti nefna. Og hvernig íslenskur vöxtur var, þegar íþróttir tóku að lifna hér aftur, mun framtíðin ekki vita, ef ekki verður betur að verið.

Það þarf að setja hér á stofn þjóðarrannsókn. Af slíkri stofnun gæti hlotist mikið og margvíslegt gagn og fróðleikur. Læknar yrðu að vinna að þeirri rannsókn, ættfræðingar, málfræðingar og enn aðrir fræðimenn, og enn fremur ljósmyndarar, málarar og myndhöggvarar. Og vér verðum að fá að vita eigi einungis hvernig þjóðin er á vöxt og lit, heldur einnig hvernig hugsunarhátturinn er og skaplyndið. Vér verðum að reyna að komast að því, hvaða hleypidómar eru algengastir og skaðlegastir, og hvers konar vanþekking það er, sem mest stendur einstaklingnum og þjóðfélaginu fyrir

þrifum. Mundum vér þá vita betur en nú, hvað laga þarf og hvernig, og hvað mest er þörf á að rita og fá fólk til að lesa. Slíkar rannsóknir verða ekki auðgerðar, en árangur þeirra getur orðið ómetanlegur, ef viturlega er að farið.

Rannsókn eins og sú, sem hér er stungið upp á, mundi kenna mönnum að þykja vænna um þjóðina. Margt sem til viðreisnar horfir, mundi verða miklu augljósara en áður, og eins þeir örðugleikar, sem orðið hafa á leið íslenskrar viðleitni á því að verða að manni. En þá örðugleika þarf að skilja betur en gert hefir verið, ef ekki á að meta of lítils það, sem þó hefir áunnist, og gera sér of litlar vonir um þá framtíð sem orðið gæti.

II

Það sem safnað væri við rannsóknir bæði á landi og þjóð, ætti að verða í húsi, sem kalla mætti Frón. Ætti þar að eiga heima náttúrugripasafnið og þjóðminjasafnið. Landsupprættir ættu að vera þar, og málaðar og mótaðar myndir af landslagi, þar sem fróðlegast væri og eftirtektarverðast. Ættu listamenn og vísindamenn að vinna miklu meir saman en áður hefir verið gert, og mun þá starf hvorratveggja koma að meiri notum.

Mjög mikilsverður hluti safnsins yrði myndirnar af fólkini. Mundu þar geta orðið margar skemmtilegar myndir af börnum. Og sjálfsagt er að hafa þar myndir úr forfeðrahérudum Íslendinga í Noregi, og eins af Íslendingum og Íslendinganiðjum í Vesturheimi.

Myndasafnið gæti orðið til þess að kenna mönnum að líta skynsamlegar á fólkio, og er þess ekki lítil þörf. Íslendingasögur — sem eru nokkurs konar æviminningar — bera þess ljósan vott, og málið sjálft, hversu glöggskyggnir forfeður vorir hafa verið á vöxt manna og andlitsfar. En svo hefir þeirri grein mannþekkingar farið aftur hjá oss, að nafnkunnur gáfumaður segir í eftirmælum eftir ágætan mann, Þorstein Erlingsson, að augu, sem voru grá, hafi verið dökk-brún; og fleira mætti telja af slíku. Þarf ekki að því að spryrja, hvernig vera muni um hinar vandasamari greinar

mannþekkingar, þegar svo er um þessa. Má þá nærri geta, hvernig dæmt muni vera um það sem vandséðara er, þegar þannig er dæmt um það, sem auðvelt er að sjá. Ræðir hér um mikið alvörumál. Ófullkomin mannþekking er eitt af því, sem mest stendur þjóðfélagi fyrir þrifum. Þar sem mannþekking er yfirleitt lítil, eru það vissulega ekki orð hinna vitrustu, sem hlýtt er á með mestri eftirtekt og helst farið eftir. Og vilji svo til að menn veiti slíkum orðum eftirtekt, þá er það of oft til þess að misskilja þau. Kemur svo góð hugsun ekki að notum. En góð hugsun er upphaf og undirrót allrar góðrar framkvæmdar.

Morgunblaðið, 24. júlí 1919.